

Vinnuhópur á vegum velferðarvaktar - þriðji geirinn

Í skjalinu „Verkefni velferðarvaktarinnar í samræmi við aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar um velferð mars 2009“ er kafli með yfirheitið „Félagasamtök og nærsamfélagið verða hvött til að taka að sér verkefni og sjálfbóðaliðastarf í þágu samfélagsins“. Þar segir í 15. tölulið:

Frjáls félagasamtök í samvinnu við stjórnvöld og sveitarfélögin stuðli að því sameiginlega að störf þriðja geirans og opinberra aðila verði samræmd og skipulagðar markvissar aðgerðir svo félagsauðurinn verði nýttur sem best.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Fulltrúar félagasamtaka í stýrihópnum fái til liðs við sig fulltrúa ÍSÍ og UMFÍ og leggi fram tillögur um samræmingu og markvissar aðgerðir. Fulltrúi Rauða kross Íslands í stýrihópi boði fund.

Guðríður Ólafsdóttir, Kristján Sturluson og Vilborg Oddsdóttir, fulltrúar félagasamtaka í stýrihóp velferðarvaktarinnar, hafa haldið utan um þessa vinnu.

Upphaflega voru fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ fengnir til fundar en síðan var ákveðið að víkka út hópinn. Leitað var til háskólasamfélagsins og komu Steinunn Hrafnisdóttir og Eva Þengilsdóttir inn í hópinn. Eva var jafnframt fulltrúi samtakanna Almannaheill og kom Guðrún Agnarsdóttir á einn fund í stað hennar. Nauðsynlegt þótti einnig að fá fulltrúa Vinnumálastofnunar og sveitarfélaga að borðinu og voru það Tryggvi Þórhallsson frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, Sólveig Reynisdóttir frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar og Laufey Gunnlaugsdóttir frá Vinnumálastofnun. Fulltrúar ÍSÍ voru í upphafi Líney Halldórsdóttir og Sigurður Guðmundsson en síðan komu Hannes Jónsson og Þórarinn Alvar Þórarinnsson í þeirra stað. Fulltrúi UMFÍ er Guðrún Snorraddóttir. Einnig hafa tekið þátt í færri fundum Rán Ingvarsdóttir og Linda Rós Alfreðsdóttir frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu og Sveindís Jóhannsdóttir sem sinnir verkefni á vegum Velferðarvaktarinnar. Sólveig Hildur Björnsdóttir frá Rauða krossi Íslands hefur verið starfsmaður hópsins.

Fyrsti fundur var haldinn 23.06.2009 og sá síðasti 11.03.2010 (alls fimm fundir). Á milli funda hefur verið „umræða“ um verkefnið í tölvupóstum. Ýmsar leiðir hafa verið ræddar en hugmyndir um framkvæmd hafa að sjálfsögðu snúist um fjármagn og hvar ætti að „vista samræminguna“. Hafa verður í huga að ein ástæða þess að þriðji geirinn samanstendur af fjölmörgum og ólíkum einingum er að margir innan hans vilja gera hlutina á sinn hátt.

Í hugmyndum að lausnum hefur verið horft til reynslu annarra þjóða. Má þar sem dæmi nefna sjálfbóðamiðlanir í Svíþjóð og Bretlandi.

Niðurstaða hópsins er að tvennt þurfi að gera. Annars vegar að móta farveg sem auðveldar fólki að takast á við sjálfbóðin störf. Hins vegar að stuðla að samræmingu meðal þriðja geirans með upplýsingamiðlun og samráði. Það síðarnefnda er nokkuð sem hentar vel að gera í nærsamfélaginu og er þegar í gangi í talsverðum mæli.

Á fundi vinnuhópsins var ákveðið að leggja eftirfarandi tillögu fram við stýrihóp velferðarvaktarinnar, sjá bls. 2:

Tillaga um samræmingu og markvissar aðgerðir frjálsra félagasamtaka og opinberra aðila við að efla verkefni og sjálfbóðaliðastarf í þágu samfélagsins:

Vinnuhópur um þriðja geirann leggur til að sett verði á stofn miðstöð sem gegnir því hlutverki að safna saman og veita upplýsingar um sjálfbóðið starf í samfélaginu. Miðstöðin myndi hafa tengiliði hjá sveitarfélögum og það væri til þessara tengiliða sem einstaklingar sem hafa áhuga á að gerast sjálfbóðaliðar gætu leitað og fengið að vita hvað sé í boði í nærsamfélaginu, fengið leiðsögn við að velja sjálfbóðið starf við hæfi og aðstoð við að hafa samband við viðkomandi aðila (þar sem hið sjálfbóðna starf er). Einnig veitti slík miðstöð leiðbeiningar um hvernig best sé að koma á sjálfbóðnu starfi og halda utan um það svo vel sé.

Hjá miðstöðinni þurfa að vera tvö til þrjú stöðugildi (sbr. reynsluna af <sjalfbodalidi.is>). Miðstöðin verði rekin til að minnsta kosti þriggja ára og verði tilvist hennar endurskoðuð eftir þann tíma. Sótt verði um styrk frá Mót vægissjóði Velferðarvaktarinnar en ljóst er að meira fjármagn þarf til. Því þarf einnig að skoða aðkomu félagasamtaka og opinberra aðila að rekstrinum.

Ýmsir möguleikar eru varðandi það hvar miðstöð af þessu tagi yrði staðsett. Hún gæti verið undir hatti háskóla, Sambands ísl. sveitarfélaga, Vinnumálastofnunar eða félagasamtaka, svo einhver dæmi séu nefnd.

Varðandi samræmingu á verkefnum þriðja geirans er upplýsingamiðlun og samræða grundvallaratriði. Lagt er til að Vinnumálastofnun standi fyrir ráðstefnu og kalli til félagasamtök og sveitarfélög í tengslum við þátt þriðja geirans í verkefninu "Ungt fólk til athafna". Sömuleiðis að Stýrihópur Velferðarvaktarinnar, í samvinnu við sveitarfélög, standi að fundum þar sem fulltrúar þriðja geirans á ákveðnum svæðum hittist. Á þessum fundum væri t.d. hægt að kynna dæmi þar sem vel hefur tekist. Samstarf af þessu tagi er þegar til staðar hjá mörgum sveitarfélögum en með því að opna það mætti fá fleiri aðila innan þriðja geirans að borðinu.